



## Jafnréttisstefna - Aðgerðaráætlun 2011

Samþykkt á formannafundi félagsins 3. maí 2011

Jafnréttisnefndin leggur til að á árinu 2011 verði tvö málefni á aðgerðaáætlun.

Annars vegar að ná til þeirra barna sem hafa íslensku ekki að móðurmáli og stunda ekki íþróttir innan félagsins. Í könnun sem gerð var hjá deildum kom í ljós að sárafá börn úr hópi nýbúa/innflytjenda stunda íþróttir hjá félaginu. Telur hópurinn það vera verðugt samfélagslegt verkefni Aftureldingar að ná til þessara barna.

Hins vegar að kanna hvort launajafnrétti sé ekki viðhaft innan félagsins.

Eftirfarandi mælingar verði gerðar á árinu 2011:

1. Óska eftir samstarfi við bæjaryfirvöld og skólastofnanir bæjarins við að fá upplýsingar um fjölda barna innan Mosfellsbæjar sem hafa íslensku sem 2. tungumál, nýbúar. Helsti samstarfsaðili yrði væntanlega fræðslusvið. Vinna áætlun í samstarfi við skólayfirvöld um hvernig megi fjölga þeim börnum sem taka þátt í íþróttastarfi innan Aftureldingar. Fjöldi barna verði síðan mældur í lok árs og borinn saman við þær tölur sem fram komu í talningu í nóvember 2010.
2. Launajafnrétti. Framkvæmdastjóri Aftureldingar safni saman, skv. forsögn aðalstjórnar, og gefi upplýsingar um launagreiðslur til þjálfara og menntun sem tekið er tillit til í launagreiðslum. Markmiðið að finna út hvort:
  - a. Jafnræði sé milli karlkyns og kvenkyns þjálfara í launamálum.
  - b. Hvort jafnræði sé milli þeirra sem þjálfu stúlkur annars vegar og þeirra sem þjálfu drengi hins vegar, þar sem kynjaskipt er í flokka.

Anna Sigríður Guðnadóttir  
Ásmundur Pálsson  
Kolbrún Þorsteinsdóttir  
Ólafur Ingi Óskarsson